

Vikufréttir

Vika 23 (01.06 – 05.06 2020)

Mánudagur

- ✓ **Annar í hvítasunnu**

Þriðjudagur

- ✓ Útskriftarferð 10.bekkjjar hefst.
Lagt verður af stað í Skagafjörðinn fagra kl. 10:00
- ✓ Vorferð hjá 9.bekk – lagt af stað 8:30
- ✓ Vorferð hjá 4.bekk – lagt af stað kl. 08:10
- ✓ 5.bekkur fer í Einkunnir kl. 8:30 – 11:45
- ✓ 6.bekkur fer í Einkunnir kl. 10:30 – 12:45

Miðvikudagur

- ✓ Samhristingur - 8. og 9.bekkur býður 7.bekk í heimsókn á unglingastigið.
- ✓ Vinabekkirnir 8. og 3. hittast.
- ✓ Starfsmannafundur kl. 14:30

Fimmtudagur

- ✓ 10.bekkur kemur heim úr útskriftarferð
- ✓ 9.bekkur fer í ísferð í lok skóladags

Föstudagur

- ✓ Skólaslit

1 – 9.bekkur kl.09:00

Skólabílar innanbæjar fer úr Sandvíkinni **kl.08:40** og tilbaka um **kl.11:30**

Eins verður skólaakstur úr dreifbýli þannig að passi við tímasetningar

10.bekkur kl. 18:00 – Hjálmaklettur

Annað:

Nú þegar styttist í skólalok viljum við í Grunnskólanum í Borgarnesi þakka nemendum og foreldrum fyrir gott samstarf og ánægjulegar stundir á skólaárinu. Það er ósk okkar að þið njótið sumarsins og við hlökkum til að starfa með ykkur á næsta skólaári.

Spakmæli:

“Gerðu það sem er rétt ekki það sem er auðvelt”

Nemendafélag Grunnskólans í Borgarnesi (NFGB)

Í hverjum skóla skal starfa nemendafélag og er tilgangur þess að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.

Nú í vetur hefur starfað öflug stjórn nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi og hafa krakkarnir haldið vel utan um það starf sem unnið er í skólanum. Stjórn félagsins, sem í eru nemendur úr 8.- 10. bekk skipuleggur, í samstarfi við skólastjórnendur, félagsstörf nemenda og sér um framkvæmd þeirra.



Stjórnina skipa Elinóra Ýr Kristjánsdóttir formaður, Elfa Dögg Magnúsdóttir varaformaður, Elín Björk Sigurþórsdóttir gjaldkeri, Edda María Jónsdóttir ritari og Valborg Elva Bragadóttir meðstjórnandi. Tæknistjórar eru Jónas Bjarki Reynisson og Örn Einarsson.

Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Nemendafélagstjórnin heldur utan um þá viðburði sem haldnir eru í skólanum á þeirra vegum eins og hrekkjavökuball fyrir yngsta- og miðstig o.fl. Minna var þó um viðburði á þessu skólaári en oft áður því eins og gefur að skila hafði Covid áhrif á starfið hjá okkur líkt og öðrum. Einnig stóðu þau fyrir því að keyptar voru skólapeysur á nemendur á unglingsstigi og styrkti nemendafélagið kaup á þeim. Ekki má gleyma jólaútlitum sem er stór liður starfsemi félagsins. Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir eru auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða einnig við undirbúning og frágang.

Nú hefur verið kosið í nýja stjórn fyrir næsta skólaár og verður hún tilkynnt á skólaslitunum. Undirrituð hefur unnið með fráfaraði stjórn í vetur og hefur það samstarf bæði verið skemmtilegt og gefandi. Stjórnarmenn og aðrir þeir nemendur sem hafa komið að starfseminni hafa staðið sig með þryði og verið okkur og skólanum til sóma. Vil ég þakka fráfaraði stjórn fyrir gott og farsælt samstarf í vetur.

Kristín M. Valgarðsdóttir

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Guðdís Jónsdóttir